



Fyrirmæli til Landssíma Íslands hf. um veitingu alþjónustu

Með vísan til VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 hefur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fyrirmæli til Landssíma Íslands hf. um veitingu alþjónustu, sem upphaflega voru gefin út sem hluti af rekstrarleyfi Landssíma Íslands hf., 30. júlí 1998, sbr. síðari breytingar, skuli gilda áfram samkvæmt því sem nánar kemur fram í eftirfarandi ákvæðum.

1. gr.

Alþjónustukvaðir

Landssíma Íslands hf., kt. 500269-6779, (hér eftir nefnt fyrirtækið), ber að veita alþjónustu samkvæmt því sem fram kemur hér á eftir. Fyrirtækið skal bjóða alla þá þjónustu sem fram kemur í 4. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 641/2000, að undanskilinni neyðarsímsvörun.

2. gr.

Útbreiðsla talsíma- og gagnaflutningsþjónustu

Fyrirtækið skal tryggja öllum landsmönnum talsíma og gagnaflutning, í samræmi við reglugerð um alþjónustu nr. 641/2000.

3. gr.

Skilmálar og gjaldskrár í alþjónustu

Fyrirtækið skal semja og birta opinberlega þá skilmála sem gilda um fjarskiptaþjónustu þess sem heyrir undir alþjónustu. Þar skal mælt fyrir um biðtíma eftir tengingu við fjarskiptanet, eftir því sem við á, um viðgerðir eða lagfæringar ef tenging rofnar og um þjónustu fyrirtækisins að öðru leyti í samræmi við staðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fyrirtækinu er heimilt að breyta skilmálum sínum skv. 1. mgr., enda sé slík breyting tilkynnt áskrifendum með hæfilegum fyrirvara. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á skilmálum ef þeir teljast ekki í samræmi við lög og reglur.

Fyrirtækið skal sæta almennum eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar með gjaldskrá fyrir alþjónustu. Alþjónusta skal veitt á sanngjörnu, eðlilegu og viðráðanlegu verði. Gjaldskrána og skilmála skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun fyrir gildistöku. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um hámarksverð í alþjónustu þegar sérstaklega stendur á.

Fyrirtækið skal leggja fram að kröfu Póst- og fjarskiptastofnunar gögn er sýna fram á hver raunkostnaður við að veita alþjónustu er.

4. gr.

Almenningssímar

Fyrirtækið skal starfrækja almenningssíma í samræmi við 7. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 641/2000. Úr almenningssímum skal vera hægt að hringja í neyðarnúmer, 112, án greiðslu, einnig skal vera hægt að hringja í upplýsingaþjónustu um símanúmer. Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun um staðsetningu almenningssíma í samráði við fyrirtækið.

5. gr.

Sérþarfir

Fyrirtækið skal veita öryrkjum og öðrum með sérstakar þjóðfélagsþarfir sérstök kjör og/eða sérstaka þjónustu í samræmi við ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Skrá yfir símanúmer

Fyrirtækið skal tryggja að öllum fyrirspurnum um símanúmer áskrifenda þess sé svarað allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Einnig skal það veita upplýsingar á sama stað um símanúmer áskrifenda annarra fjarskiptafyrirtækja enda hafi því verið tryggður aðgangur að þeim. Fyrirtækið skal tryggja að allir notendur þess hafi aðgang að upplýsingaþjónustunni.



Fyrirtækið skal árlega gefa út símaskrá yfir öll símanúmer í fastaneti sínu og farsímanetum. Öðrum fjarskiptafyrirtækjum skal vera heimilt að skrá áskrifendur sína í símaskrána. Sama skal gilda ef áskrifendur annarra fjarskiptafyrirtækja óska sjálfir eftir að vera skráðir í símaskrána.

Fyrirtækið skal ekki hindra að áskrifendur þess eigi aðgang að upplýsingaþjónustu í öðrum fjarskiptanetum og að áskrifendur þeirra eigi aðgang að upplýsingaþjónustu fyrirtækisins á sömu kjörum og áskrifendur þess.

**7. gr.
Gildistími**

Fyrirmæli þessi sem upphaflega voru gefin út sem hluti af rekstrarleyfi Landssíma Íslands hf., 30. júlí 1998, gilda til 31. desember 2007.

Póst- og fjarskiptastofnun, 5. apríl 2005.

Hrafnkell V. Gíslason

Sigurjón Ingvason